



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

564. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 18. september 2023
og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Dagskrá:

1. SSH Fjárhagsáætlun - 1910010

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH kynnir drög að fjárhagsáætlun SSH vegna ársins 2024. Umræður.

Niðurstaða:

Endanleg fjárhagsáætlun SSH verður lögð fyrir næsta reglulega fund stjórnar hinn 2. október 2023. Upplýsingar um áætlað árgjald 2024 verða sendar fjármálastjórum aðildarsveitarfélaganna.

2. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010

Farið yfir stöðu viðræðna vegna uppfærslu Samgöngusáttmálans. Framkvæmdastjóri kynnir áframhaldandi fundaáætlun vegna uppfærslunnar. Unræður.

Niðurstaða:

Umræður

3. Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu - fjárhagsáætlun 2024 - 1505001

Fyrirliggjandi er tillaga til stjórnar dags. 13. september 2023 og fjárhagsáætlun 2024 dags. 13. september 2023 vegna verkefna samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu sem er lagt til að verði samþykkt og send til aðildarsveitarfélaga og veitufyrirtækja til endanlegrar afgreiðslu.

Þá er fyrirliggjandi til kynningar 35. fundargerð dags. 7. september 2023 og 36. fundargerð dags. 14. september 2023.

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkir fyrir sitt leyti fjárhagsáætlanir samráðshópsins og skulu þær nú sendar til aðildarsveitarfélaga til endanlegrar afgreiðslu.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

4. Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins - 2003003

Fyrirliggjandi til kynningar er fjárhagsáætlun og starfsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2024, sem nefndin hefur samþykkt að verði vísað til sveitarfélaganna til umræðu og samþykktar.

Þá er einnig lögð fram til kynningar fundargerð 118. fundar svæðisskipulagsnefndar dags. 7. júní 2023 og fundargerð 119. fundar svæðisskipulagsnefndar dags. 8. september 2023.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

5. Umsagnir þingmála - 1910005

Á 563. fundi stjórnar var svæðisskipulagsstjóra falið að senda umsögn um hvítbók um húsnæðismál - drög að húsnæðisstefnu til fimmtán ára og aðgerðaáætlun til fimm ára til samræmis við fyrirliggjandi drög og umræður fundarins. Endanleg umsögn var send stjórn til athugasemda í kjölfar fundarins og að því loknu send í samráðsgátt stjórnvalda og liggur hún nú fyrir til staðfestingar.

Niðurstaða:

Staðfest.

6. Önnur mál - 2110011

- Umræða um kjördæmadaga Alþingis og hugsanlega fundi með Alþingismönnum þá viku en formaður og framkvæmdastjóri munu vinna áfram að skoðun þess.
- Umræða um dagskrá og meginefni aðalfundar SSH 2023 sem haldinn verður í Kópavogi 10. nóvember nk.

Niðurstaða:

Umræður

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:45.